

S A M Þ Y K K T

um forkaupsrétt Ólafsfjarðarkaupstaðar að fasteignum innan sveitarfélagsins.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 22 23. júní 1932 og 26. gr. skipulagslaga nr. 19 21. maí 1964 hefur Bæjarstjórn Ólafsfjarðar gert eftirfarandi samþykkt:

Bæjarstjórn Ólafsfjarðar samþykkir skv. heimild í lögum nr. 22/1932 og lögum nr. 19/1964 að áskilja Ólafsfjarðarkaupstað forkaupsrétt að eftirtöldum lóðum og fasteignum í Ólafsfjarðarkaupstað:

Aðalgata nr. 1, 3, 5, 7, 8, 9, 10 og 11.

Strandgata nr. 3, 4, 10, 12, 14, 15, 16 og 18.

Brekkugata nr. 10 (bilskúr) og 12.

Ennfremur að öllum lóðum og fasteignum ásvæði, sem afmakast af Strandgötu í norðri, Hafnargötu í austri, Ægisgötu í vestri og húsaröð við Ólafsveg í suðri.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi og gildir í 5 ár frá dagsetningu hennar að telja. Birtist hún hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 2. apríl 1979.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

R E G L U G E R Ð

**um breytingu á reglugerð um holræsi á Kópaskeri í Presthólahreppi,
Norður-Þingeyjarsýslu, nr. 287 17. október 1972.**

3. gr. orðist svo:

Kostnaður allur við holræsakerfið, þar með talið viðhald, greiðist úr hrepps-sjóði. Til að standast þann kostnað ber hverjum húseiganda, sem á hús að eða í nám-unda við götu, veg eða opið svæði, sem holræsi er lagt í, að greiða tengigjald um leið og hann tengir ræsi sitt við aðalræsi. Tengigjald ákvarðar hreppsnefnd árlega.

Auk tengigjalds greiði hver húseigandi holræsagjald til Presthólahrepps kr. 150.00 af húsi, en kr. 75.00 á íbúð í húsi umfram eina, og ennfremur 0.15% af hinu opinbera fasteignamati húss eins og það er reiknað á hverjum tíma.

Reglugerðarbreyting þessi, sem hreppsnefnd Presthólahrepps hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 27. mars 1979.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.